

Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu

Skúlagötu 17, 105 Reykjavík

30. júní 2020

Ágæti móttakandi,

meðfylgjandi er fræðsluefni frá Skrifstofu fjármálagreininga lögreglu vegna áhættu í viðskiptum við einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla (PEP).

Umfjölluninni er ætlað að vekja athygli tilkynningaskyldra aðila á áhættum sem felast í viðskiptum við einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla, einkum vegna erlendra viðskipta.

Efnið er almenns eðlis og skiptist í þrjá hluta:

1. Almenn umfjöllun um PEPs.
2. Áhættu í tengslum við erlendar greiðslur.
3. Ummerki um áhættur við framkvæmd erlendra greiðslna.

Umfjöllunin er að miklu leyti unnin upp úr upplýsingum sem orðið hafa til í tengslum við greiningar skrifstofunnar og á því fullt erindi við innlenda aðila. Hlutar 2 og 3 voru samdir með greiðsluþjónustuveitendur í huga en eiga þó við aðra tilkynningarskylda aðila eftir atvikum.

f.h. Skrifstofu fjármálagreininga lögreglu

Eggert Ármann Ármannsson

